

Dalabyggð  
Þórður Már Sigurðsson, skipulagsfulltrúi  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík, 28. janúar 2021  
Tilvísun: 202005057 / 3.4

---

### Efni: Deiliskipulag iðnaðarsvæðis við lóðbraut, Dalabyggð

---

Dalabyggð hefur, með erindi dags. 22. desember 2020, sent Skipulagsstofnun ofangreind deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmæðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 14. ágúst 2020. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingu í sveitarstjórn, þann 10. september 2020.

Deiliskipulagssvæðið nær til 3,5 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir 15 lóðum.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dags. 16. júní 2020 og breytt 16. nóvember 2020 og á upprætti í mkv. 1:1.000 dags. 16. júní 2020 og breytt 16. nóvember 2020.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsins þar sem ekki liggur fyrir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagið og þá fornleifaúttekt sem liggur fyrir um svæðið.

- Afla umsagnar Vegagerðarinnar um deiliskipulagið.
- Setja á skilmála um fyrirhugaðar byggingar sbr. gr. 5.3.2.1. í skipulagsreglugerð.
- Setja á skilmála m.a. um bílastæði, girðingar, lýsingar, skilti, gróður o.fl.
- Sýna á staðsetningu hljóðmana á upprætti og gera grein fyrir þeim í skýringum.
- Bent er á að þar sem iðnaðarsvæðið liggur að þjóðvegi þarf að huga sérstaklega að ásýnd og yfirbragði byggðar við veginn og setja viðeigandi skilmála þar um.
- Gera á grein fyrir núverandi byggingum innan svæðisins.
- Ekki er að sjá að fylgiskjal 1, svar skipulagsnefndar/sveitarstjórnar við umsögnum hafi fylgt erindinu.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

  
Úlfur Þórður Gislason